


Nr.: NAA-052	<b>Tækniskólinn</b>	<b>EÐLI3AV05CT</b> <b>námsáætlun haust 2018</b>	<b>Tækniskólinn</b> skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 1.0			
Dags: 29.08.2018			
Eig: SSG			
Ábm: KK			
Síða 1 af 2			

<b>Kennarar:</b>	Sæberg Sigurðsson (SSG)		
<b>Skóli:</b>	Tæknimenntaskólinn	<b>Skólastjóri:</b>	Kolbrún Kolbeinsdóttir

#### Áfangalýsing:

<b>EÐLI3AV05CT</b>	<b>Varmafræði, aflfræði og vökvaafllfræði</b>
<p>Áfanginn er framhaldsáfangi í klassískri eðlisfræði. Lögð er áhersla á úrlausnarefni sem tengjast öðru námi nemenda við skólann en eru jafnframt góður undirbúningur fyrir háskólanám í tæknifræði, verkfræði og skyldum greinum.</p> <p>Til umfjöllunar eru valin atriði úr varmafræði, aflfræði og vökvaafllfræði. Meðal viðfangsefna eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Lofteggundir í kyrrstöðu og á hreyfingu, loftþrýstingur, ástandsjafna lofttegunda, varmarýmd, eðlisvarmi, varmaskipti og varmi í fasaskiptum, mettun, suða og raki andrúmslofts og fleira.</li> <li>Hreyfing í tveimur víddum, snúningshreyfing, tregðuvægi, snúningsorka og fleira.</li> <li>Vökvar í kyrrstöðu og á hreyfingu, jafna Bernoullis og fleira.</li> </ul>	

Um markmið, kennslubúnað og kennslufyrirkomulag vísast í námskrá. Um vikudaga og tímasetningu innan hverrar viku vísast til stundatöflu í Innu.

#### Námsmat:

Matshlutar	Lýsing matshluta	Vægi
Skilaverkefni	Heimadæmi	10%
Verklegt	Þátttaka í verklegum æfingum og skil á verklegu hefti	20%
Próf 1	Próf úr fyrsta hluta námsefnis	15%
Próf 2	Próf úr fyrsta og öðrum hluta námsefnis	20%
Próf 3	Próf úr öðrum og þriðja hluta námsefnis	35%
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>

Leyfð hjálpargögn í hlutaprófum: Einfaldur vasareiknir (Casio fx-350 ES eða sambærilegur) og formúlublöð frá kennara (sem nemendur mega handskrifa athugasemdir inn á).


Ef veikindi hindra vinnslu matsþátta þá þarf að skila inn vottorði á skrifstofu skólans til að eiga rétt á endurtöku þeirra. Önnur forföll sem hindra vinnslu matsþátta þurfa að vera tilkynnt fyrirfram og samþykkt hjá kennara til að eiga rétt á endurtöku.

Ekki er tekið við skilaverkefnum eftir að lausnir hafa verið birtar á netinu. Einkunn fyrir skilaverkefni lækkar um 2 á sólarhring ef skilað er of seint (en þó áður en lausnir eru birtar).

Nemendur þurfa að ljúka lykilmatsþætti með lágmarkseinkunn 4,0 og ná lokaeinkunn upp á 5 til að standast áfangann. Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn í lykilmatsþætti verður boðið upp á eina endurtöku á matsþættinum í samráði við kennara.

Athugið að umtalsverður hluti námsins í áfanganum fer fram í gegnum námsvef á INNU. Þar þurfa nemendur að kynna sér efni og skila öllum verkefnum. Ekki er tekið við verkefnaskilum á pappír.

Allir matsþættir eru lagðir fyrir í Innu. Úrlausnum og sundurliðuðum einkunnum verður skilað í Innu á því formi sem best hentar.

Nr.: NAA-052	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 29.08.2018		
Eig: SSG		
Ábm: KK		
Síða 2 af 2	<h2>EÐLI3AV05CT</h2> <h3>námsáætlun haust 2018</h3>	

#### Áætlun:

Tímabil		Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi matshl. %
Vika	Dags.			
34	19.08.-25.08.	<i>Kennsla hefst 20.08.</i> Gaslögmálið	Dæmahefti 1	
35	26.08.-01.09.	Varmafræði	Dæmahefti 1	
36	02.09.-08.09.	Varmafræði	Dæmahefti 1	
37	09.09.-15.09.	Rakastig	Dæmahefti 1	
38	16.09.-22.09.	Hreyfing í fleti	Dæmahefti 2, <b>Próf 1</b>	15%
39	23.09.-29.09.	Hreyfing í fleti	Dæmahefti 2	
40	30.09.-06.10.	Hreyfing í fleti	Dæmahefti 2	
41	07.10.-13.10.	<i>Námsmat og endurgjöf</i>	<b>Próf 2</b>	20%
42	14.10.-20.10.	Einföld sveifluhreyfing og gormar	Dæmahefti 2	
43	21.10.-27.10.	Einföld sveifluhreyfing og gormar	Dæmahefti 2	
44	28.10.-03.11.	Hringhreyfing, snúningsvægi, hverfitregða	Dæmahefti 2	
45	04.11.-10.11.	Hringhreyfing, snúningsvægi, hverfitregða	Dæmahefti 2, <b>Skilaverkefni</b>	10%
46	11.11.-17.11.	Vökvaafllfræði	Dæmahefti 3	
47	18.11.-24.11.	Vökvaafllfræði	Dæmahefti 3	
48	25.11.-01.12.	Vökvaafllfræði	Dæmahefti 3, <b>Verklegt - skil</b>	20%
49	02.12.-08.12.	Vökvaafllfræði	Dæmahefti 3, <b>Próf 3</b> 	35%
50	09.12.-15.12.	<i>Námsmat og endurgjöf</i>	Sjúkra- og endurtökupróf	
51	16.12.-22.12.	<i>Námsmat/endurgjöf og birting einkunna mánudaginn 17.12.</i>		

Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins (eins og á dagatalinu)

Námsgögn	Upplýsingar um námsgögn er að finna í Innu. Æskilegt er að nemendur séu með fartölvu.
Annað, t.d. öryggisbúnaður	